


Alþingi
Erindi nr. P 121/1778
komudagur 28.4.197

Fjármálaráðuneytið

25. apríl 1997

Til Guðjóns Rúnarssonar, ritara efnahags- og viðskiptanefndar.

Frá Magnúsi Péturssyni, ráðuneytisstjóra.



Efni: Frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins.

Í framhaldi af viðræðum okkar og breytingartillögum nefndarinnar þá sendi ég þér hjálagt athugasemdir fjármálaráðuneytisins.

Í öllum meginatriðum erum við vel sáttir við þær breytingartillögur sem gerðar hafa verið og það sem segir í nefndarálitinu. Eftir nákvæma yfirferð höfum við hjálagt tillögur til nokkurra orðalagsbreytinga. Allt eru þetta smávægileg atriði til samræmingar. Athugasemdir okkar um 14. gr. eru þó efnismeiri. Þar kemur fram í skýringu skoðun okkar á því hvernig lagaákvæðið skuli skilja og tillaga um hvernig það mætti betur orða.

Athugasemdir við breytingatillögur

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

7. Við 8. gr. 2. tölul. c. undir b. lið orðist svo:

c. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar, m.a. vegna rekstrar og framkvæmda. Greint skal á milli samningsbundinna og lögbundinna skuldbindinga.

8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Varanlega rekstrarfjármuni ríkisaðila í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Varanlega rekstrarfjármuni sem eru ófullgerðir á viðkomandi reikningsári skal þó gjaldfæra í samræmi við framvindu kaupanna.

11. Við 20. gr. (Í stað fyrri málslíðar 1. mgr. komi nýr málslíður, svohljóðandi:)

Allir aðilar A-hluta

20. Við 37. gr. Í stað orðanna „innan stofnunar” í 1. mgr. komi: hvers ríkisaðila í A-hluta.

21. Við 39. gr. Í stað orðsins „Ríkisstofnunum” komi: Ríkisaðilum í A-hluta.

22. Við 40. gr. Í stað orðsins „stofnana” í niðurlagi greinarinnar komi: aðila í A-hluta.

Skýringar við athugasemdir

7. Þessi tillaga er gerð til að ekki fari á milli mála hvernig greinin lítur út eftir breytingu.

8. Markmiðið með greininni var að rekstrarfjármuni bæri að gjaldfæra þegar til þeirra er stofnað. Helsta vandamálið var með rekstrarfjármuni sem voru í smíðum og afhendast síðar. Talið var að greinin væri nægilega skýr til að túlka hana þannig að gjaldfærslan ætti sér stað jafnóðum og verkið væri unnið. Dæmi um þetta er nýbygging húsa, þyrlukaup o.fl.

Eins og tillaga nefndarinnar liggur nú fyrir má skilja að þessu sjónarmiði sé ekki haldið til haga því að gjaldfærslan ætti að eiga sér stað í einu lagi þegar viðkomandi bygging eða þyrla yrði afhent.

Ný tillaga að grein reynir að varpa skýrara ljósi en fram kemur í frumvarpinu um meðferð á rekstrarfjármunum í bókhaldi ríkisins og er hún í samræmi við tillögur ríkisreikningsnefndar.

11. Virðist vera prentvilla í breytingartillögu þingnefndarinnar, þar sem aðeins kemur fram einn málsliður í tillögunni.

20. Tillaga sem miðar að betra samræmi við aðrar breytingar þingnefndarinnar.

21. Tillaga sem miðar að betra samræmi við aðrar breytingar þingnefndarinnar.

22. Nauðsynleg breytinga við breytingartillögu þingnefndarinnar, því að greinin takmarkast við A-hlutann, en 21. gr. tekur til ríkisaðila í A-, B- og C-hluta.